

## **Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs**

### **18. fundur 30. júlí 2003**

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs miðvikudaginn 30. júlí 2003 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1, 3. hæð, og hófst kl. 16.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem var sem hér segir:

1. Staða og starfsemi safnsins.
2. Starfsmannamál.
3. Stjórnarfundir.
4. Önnur mál.

#### **1. Staða og starfsemi safnsins.**

Málið var rætt (sbr. 16. fg., 2.1. og 17. fg., 1. og 3.1.). Upplýst var að í safninu hefði mikið verið unnið undanfarið að almennri flokkun og skráningu. Þangað verða nú flutt öll gögn sem safnið á enn í geymslu í Hamraborg 14 A þar sem komið hafði upp raki. Héraðsskjalavörður hefur gengið frá reglum um notkun lestrarsalar og afgreiðslutíma sem stjórnin samþykkti, en smærri málum var frestað.

#### **2. Starfsmannamál.**

Málið var rætt (sbr. 16. fg., 2.1.d og 17. fg., 2. og 3.1.) og upplýst skv. framlögðum gögnum að bæjarráð hefði á fundi sínum 12. júní fallist á tillögu bæjarritara í bréfi til ráðsins, dags. sama dag, um sumarafleysingar og afgreiðslu málsins að öðru leyti. Stjórnin fagnaði í framhaldi af þessu ráðningu Kristínar Þorgeirsdóttur og bauð hana velkomna til starfa.

#### **3. Stjórnarfundir.**

Vegna bréfs frá bæjarritara, dags. 6. júní, varðandi stjórnarfundir kvaðst formaður hafa rætt við hann um að fundir yrðu 7 á árinu. Gert er ráð fyrir að næst verði fundur í október og annar í desember.

#### 4. Önnur mál.

- a) Bæjarráð samþykkti á fundi sínum 15. júlí að vísa skýrslu um safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003-2008 til stjórnar héraðsskjalasafns til kynningar. Skýrsluna hafði menntamálaráðuneytið sent bæjarráði með bréfi 15. júlí. Í henni er lýst stefnu ráðuneytisins í minja- og safnamálum og með henni fylgt eftir nýjum safnalögum nr. 106/2001 og þjóðminjalögum nr. 107/2001.
- b) Rætt var um aðstöðu til ljósmyndavinnu í héraðsskjalasafni, en málinu frestað.
- c) Héraðsskjalavörður greindi frá því að Helga Sigurjónsdóttir hefði komið að máli við sig f.h. hóps gamalla Kópavogsbúa sem hefðu áhuga á að stofna Sögufélag Kópavogs. Stjórnin er reiðubúin til samstarfs við alla sem vilja vinna að því að varðveita sögu Kópavogs og gögn um hana, en fól skjalaverði að óska eftir formlegu bréfi frá hópnum um erindið.
- d) Stjórnin samþykkti að safnið gerðist á ný áskrifandi að efni úr gagnagrunni Morgunblaðsins.

#### 5. Heimsókn að Elliðahvamm.

Þegar lokið var afgreiðslu 4.1. héldu stórn og héraðsskjalavörður í heimsókn til Þorsteins Sigmundssonar í Elliðahvamm (sbr. 15. fg., 3.l. og 17. fg., 4.1.c) og skoðuðu hjá honum myndir, kort og önnur gögn sem hann hefur undir höndum um Elliðahvamm og svæðið þar í kring. Rætt var m.a. um hvernig best væri að safna frekari heimildum um það og varðveita þær og gera sögu byggðarinnar skil.

Fleira gerðist ekki.  
Fundu slitið kl. 18.30.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal  
meðstjórnandi

Leo Ingason  
héraðsskjalavörður